

Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík 20. júlí 2019

**Varðar: Umsögn um áform um lagasetningu – áform um frumvarp til laga um landshöfuðléníð .is**

Vísað er til máls nr. S-156/2019 í Samráðsgátt þar sem leitar er athugasemda við áform um lagasetningu.

Umsögn þessi er send af hálfu neðangreindra aðila:

STEFs

Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda – SFH

Félags réttihafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði – FRÍSK

Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda – SÍK

---

Tilgangur frumvarpsins sem lagt er til að samið verði er að setja skýrar lágmarksreglur um skráningu léna undir landshöfuðléninu. is. Í áformunum kemur fram að líta verði á landshöfuðléníð sem mikilvægan innvið fyrir íslenskt samfélag og því verði að telja bæði tímabært og nauðsynlegt að sett verði lágmarks lagaumgjörð um skráningarstofu þess.

Undirrituð höfundaréttarsamtök vilja taka undir með samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu um þörfina á lagasetningu sem þessari og benda á nokkur sjónarmið sem mikilvægt er að hafa í huga við gerð slíkrar löggjafar.

Til viðbótar við þau rök sem fram koma í skjali ráðuneytisins frá 7. júní 2019 vilja undirrituð samtök benda á að núverandi staða varðandi úthlutun á landshöfuðléninu .is er óásættanleg með tilliti til höfundaréttarbrot. Á undanförunum árum hafa fjölmörg erlend vefsvæði sem dreifa höfundaréttarvörðu efni án heimildar sóst eftir því að nýta landshöfuðléníð .is. Ísland hefur því miður skapað skjól fyrir margs konar ólöglegu starfsemi og um leið skaðað ímynd íslensks iðnaðar sem notast við sama lén. Sem dæmi má nefna nýtti stærsta ólöglega streymisíða heims (putlocker.is) á tímabili.is lén, enda var búið að hrekja síðuna frá einu léni til annars þar sem það hafði brotið gegn skilmálum skráningaraðila í öðrum löndum. Ástæðan fyrir því að slíkar síður leitast við að nýta landshöfuðléníð .is er að á meðan engar reglur gilda um skráningu léna nema reglur fyrirtækisins sem

úthlutar .is lénum virðist vera afskaplega auðvelt að fá skráningu léna héraðs fyrir ólögmeta starfsemi og um leið lítil sem engin leið fyrir yfirvöld að grípa inn í þær skráningar. Úr þessu þarf að bæta.

Ótækt er t.a.m. að sú úrskurðarnefnd sem á að úrskurða um mál er varða reglur skráningaraðila héraðs og deilur um skráningar sé skipuð af sama skráningaraðila. Sú undantekning gildir að vísu að Neytendastofa hefur úrskurðarvald í málum er varða lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og á grundvelli þeirra hefur Neytendastofa í nokkur skipti úrskurðað í málum er varða lén, en þá er eingöngu í málum er varða ruglingshættu vegna líkingar léns við vörumerki.

Starfshættir þess félags sem annast úthlutun .is-léna virðast eingöngu þjóna hagsmunum þess sjálfs. Hefur sá aðili t.a.m. ekki verið tilbúinn til þess að afskrá lén þrátt fyrir að það sé engum vafa undirorpið að á vefsíðum sem vísað er til af léninu fari fram ólögmet starfsemi. Í reglum skráningaraðilans er engin heimild til afskráningar léna á slíkum grundvelli, sem er að mati undirritaðra samtaka óverjandi. Þá hefur raunar beiðnum um afskráningu á alþjóðlegum lénum/vefsíðum sem augljóslega brjóta gegn 12. gr. reglna um lénskráningu hjá ISNIC einnig verið hafnað. Hefur fyrirtækið lýst því yfir að eina leiðin til að ná fram lokun léns sé með dómsúrskurði. Slíkt úrræði er bæði mjög tímafrekt og kostnaðarsamt og hentar sérlega illa þegar í húfi eru hagsmunir margra ólíkra rétthafa sem telja á sér brotið. Ólíklegt er þá að einstakur rétthafi muni hafa bolmagn til að standa í slíkum málaferlum, enda hefur enginn lagt í slíka baráttu enn sem komið er.

Þess má geta að lén ISIS samtakanna (sem sóttist einmitt eftir að nota .is lénið vegna þess hversu auðvelt er að fá lén skráð á Íslandi fyrir vafasama starfsemi) var afskráð af ISNIC eftir mikinn opinberan þrýsting á árinu 2014 en þá með vísun til þeirrar reglu fyrirtækisins sem kveður á um að „reynist upplýsingar um rétthafa léns augljóslega rangar ... getur ISNIC lokað léni viðkomandi.“ Þrátt fyrir þetta fordæmi hefur fyrirtækið ekki verið tilbúið að beita þessari reglu á önnur vefsvæði þar sem stunduð er önnur ólögmet starfsemi, t.a.m. dreifing höfundaréttarvarins efnis. Þessi afstaða fyrirtækisins kom einnig skýrt fram þegar það neitaði að loka léninu incel.is á árinu 2018 eins og fram kom í fréttum, en sjálf síðan var hýst í Þýskalandi. Á síðunni má finna samræður hóps karlmanna sem fyrirrita konur en þar er talað fyrir ofbeldi gegn þeim, en aðilar í félagsskapnum hafa framið í það minnsta tvö fjöldamorð á konum. Fleiri hliðstæð dæmi mætti nefna.

---

Til að ná því markmiði að hindra að vefsíður sem einkum hafa að markmiði refsiverða háttsemi taki sér bólfestu og nýti .is-rótarlénið til að vinna að afbrotum má til dæmis vekja máls á nauðsyn þess að lagafrumvarpið tryggi a.m.k. eftirfarandi atriði:

- Að tryggt verði að upplýsingar um rétthafa léns séu alltaf réttar.
- Að tryggt verði að lén verði afskráð ef starfsemi sem fram fer í gegnum vefsíður á viðkomandi lén brýtur í bága við lög. Tegundir starfsemi sem stemma þarf stígu við með slíkum hætti er t.d. höfundaréttarbrot, fjárþvottur, mansal, skattsvika- og fjárvikastarfsemi, hryðjuverkastarfsemi osfrv.
- Að skráningaraðili léna sæti á einhvern hátt ábyrgð ef ekki er orðið við réttmætum kröfum um afskráningu léna vegna ólögmetrar starfsemi.

- Að lénaskráning .is-léna verði bundin opinberu leyfi, með sama hætti og fjarskiptarekstur og jafnvel með sama hætti og gildir um tíðnisvið, sem unnt væri að svipta viðkomandi aðila, brjóti hann gegn lögum sem um starfsemina gilda.

Að lokum er rétt að geta þess að ný Evróputilskipun (The Directive on Copyright in the Digital Single Market) nr. 2019/790, var samþykkt af stofnunum Evrópusambandsins þann 17. apríl s.l.. Hún sýnir þá lagapróun sem átt hefur sér stað á síðustu árum, sem eykur ábyrgð netþjónustuveitna hvað varðar efni sem vistað er og gert aðgengilegt fyrir þeirra milligöngu, og sýnir ótvíræðan stuðning við rétthafa gegn heimildarlausum notum á eignum þeirra á netinu.

---

Neðangreind samtök eru sammála því að rótarlénið .is er hluti af mikilvægum innviðum Íslands. Í því samhengi er eðlilegt að benda á að hugverkaiðnaður hér á landi veltir gríðarlegum fjárhæðum og tryggir fjölda fólks atvinnu. Enda þótt Internetið sé eitt helsta og gagnlegasta tæki þess iðnaðar, er það jafnframt nánast eina verkfærið sem notað er til að grafa undan sama iðnaði með hugverkabrotum, enda fara flest brot gegn einkarétti höfunda fram með notkun Internetsins. Mikilvægustu innviðir landsins eiga ekki að vera nýttir í slíkum tilgangi. Það er hlutverk löggjafans að hindra að svo verði áfram. Ef einkaaðili á áfram að annast skráningarhlutverk vegna .is-lénsins, þarf löggjafinn því að tryggja að sá aðili þjóni hagsmunum hugverkaretthafa og þegnum landsins, en þjóni ekki hagsmunum þeirra sem vilja grafa undan þeim.

Virðingarfyllt,

F.h. STEFs,

Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda – SFH,

Félags rétthafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði – FRÍSK,

Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda – SÍK,

Fróði Steingrímsson, lögmaður, LL.M.